



# Samgöngufélagið

Engjavegi 29 - 400 Ísafjörður • Kt. 620999-3269 • Netfang samgongur@samgongur.is • Veffang www.samgongur.is

Ísafirði, 17. desember 2017.

Bolungarvíkurkaupstaður - netfang bolungarvik@bolungarvik.is  
Ísafjarðarbær - netfang postur@isafjordur.is

Efni: Búnaður til útsendinga útvarps í Bolungarvíkurgöngum.

Sem væntanlega er kunnugt hefur af hálfu Samgöngufélagsins verið unnið að því síðustu misseri að koma megi upp búnaði til útsendinga útvarps í Bolungarvíkurgöngum. Það er hins vegar félagið Leið ehf. sem er hinn formlegi aðili að þessu verkefni, annast fjármögnun þess og er skráð fyrir búnaðinum, en undirritaður er formaður stjórnar þess.

Búnaðurinn var tekinn í notkun 15. þ.m. og ekki annað vitað en hann reynist vel og almenn ánægja sé með að útsendingar útvarps náist í göngunum. Svo sem fram hefur komið má ná þremur rásum þ.e. báðum rásum Ríkisútvarpsins svo og Bylgunnar. Jafnframt verður hluti þessa búnaður svokallað yfirkall þannig að viðbragðsaðilar geta komist inn í útsendingu, sem er bundin við göngin, á öllum rásum ef með þarf. Sem sjá má í áðursendum samningi Leiðar ehf. og Vegagerðarinnar, dags. 5. desember sl., verður búnaðurinn á ábyrgð Leiðar ehf. næstu þrjá mánuði eftir að hann var tekinn í notkun.

Undirbúningur að þessu hefur haft talsverða vinnu, kostnað og fjárhagslega áhættu í för með sér m.a. við könnun á þeim kostum sem í boði voru á sínum tíma og við athugun reyndust ekki henta eins vel og sá sem varð fyrir valinu. Stefnir í að heildarkostnaður við þetta verði allt að 9 m.kr. Sjá meðfylgjandi kostnaðaryfirlit. Þetta getur ekki talist ýkja há fjárhæð miðað við ávinninginn af að fá þennan búnað og að ekki sé talað um kostnað við gerð ganganna, en hins vegar umtalsverð fjárhæð fyrir félag sem ekki hefur tekjur. Einn aðili hefur lagt til 1 m.kr. en ekki hafa komið til neinir styrkir eða framlög að öðru leyti t.d. er ekki að hafa beina styrki frá Ríkisútvarpinu, a.m.k. ekki að svo stöddu, né Vegagerðinni. Hins vegar er því trúað og treyst að stjórnvöld muni greiða fyrir þennan búnað í fyllingu tímans jafnframt því sem þau munu ráðast í að koma upp búnaði fyrir útsendingar útvarps í öðrum veggöngum hérlandis, sjá bréf Samgöngufélagsins, til samgönguráðherra o.fl., m.a. Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar, dags 15. þ.m. Allt er þetta þó fullkominni óvissu undirorpíð og er Leið ehf. samkvæmt ákvæðum í samningnum um afnot Vegagerðarinnar af þessum búnaði heimilt að segja honum upp að liðnum tveimur árum ef þannig vill verkast.

Jafnframt því að koma þessu á framfæri skal vakin athygli á að einhver styrkur til Samgöngufélagsins til þessa verkefnis væri vel þeginn. Skulu hér nefndar fjárhæðirnar 150 til 250 þús. krónur frá hvoru sveitarfélagi. Einnig má benda á að gera má ráð fyrir að af hálfu Samgöngufélagsins verði haldið áfram baráttu fyrir að útsendingar útvarps megi nást m.a. í göngum undir Breiðadals- og Botnsheiðar auk fleiri framfaramála í samgöngum.

  
Virðingarfyllst  
Jónas Guðmundsson  
formaður